

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2019/856****2020/EES/73/07****frá 26. febrúar 2019****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (1), einkum fjórðu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Setja ætti ítarlegar reglur um starfsemi nýsköpunarsjóðsins með tilliti til þess lærdóms sem var dreginn af NER300-áætluninni sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2003/87/EB og framkvæmd á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB (2) og einkum ætti að taka tillit til niðurstaðna í skýrslu endurskoðunarréttar Evrópusambandsins (3).
- 2) Í því skyni að bæta upp minni arðsemi og meiri tæknilega áhættu af aðstoðarhæfum verkefnum samanborið við hefðbundna tækni ætti að veita verulegan hluta af fjármögnun nýsköpunarsjóðsins í formi styrks. Þess vegna ætti að setja ítarlegar reglur um greiðslu styrkja.
- 3) Þar eð áhætta og arðsemi af aðstoðarhæfum verkefnum geta verið mismunandi milli geira og starfsemi þessara verkefna og geta einnig þróast með tímanum þykir rétt að veita þann möguleika að hluti af stuðningnum frá nýsköpunarsjóðnum komi í gegnum framlag til blendingstarfsemi (e. *blending operations*) innan ramma stuðningsfjármögnunarleiðar Sambandsins, sem og í öðru formi sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 (4) („fjárhagsreglugerðin“).
- 4) Rétt þykir að líta á mismuninn milli heildarkostnaðar við aðstoðarhæft verkefni og heildarkostnaðar við sambærilegt verkefni, þar sem hefðbundin tækni er notuð, sem viðkomandi kostnað að því er varðar fjármögnun gegnum nýsköpunarsjóðinn. Í því skyni að komast hjá óhóflegu stjórnsýsluálagi vegna minni háttar verkefna og bregðast við sérstökum vandkvæðum við að fá fjármögnun fyrir þau ætti þó viðkomandi kostnaður við minni háttar verkefni að vera heildarkostnaður fjárfestingarútgjalda fyrir slíkt verkefni.
- 5) Með það fyrir augum að gera fullnægjandi fjármagn tímanlega aðgengilegt fyrir aðstoðarhæf verkefni ætti greiðsla styrkja að byggjast á því að ná tilteknum áföngum. Að því er varðar öll verkefni ættu þessir áfangar að taka til loka fjármögnunar (e. *financial close*) og upphafs starfrækslu. Þar eð sum verkefni gætu þurft að fá stuðninginn greiddan á öðrum tímapunkti þykir rétt að kveða á um þann möguleika að ákvarða viðbótaráfangana í samningsskjölunum.
- 6) Til að auka líkurnar á árangri af verkefnum ætti að fastsetja þann möguleika að hluti af styrknum verði greiddur áður en starfræksla verkefnis hefst. Að meginreglu til ætti greiðsla styrkja að hefjast við lok fjármögnunar og halda áfram meðan þróun og starfræksla verkefnisins stendur yfir.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. tíð. ESB L 140, 28.5.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. tíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO<sub>2</sub> í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stj. tíð. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39).

(3) Sérstök skýrsla nr. 24/2018 frá 5. september 2018: „Demonstrating carbon capture and storage and innovative renewables at commercial scale in the EU: intended progress not achieved in the past decade“ (Kynning á föngun og geymslu kolefnis og nýstárlegum og endurnýjanlegum orkugjöfum í ábataskyni í ESB: áætlaður árangur náðist ekki á síðasta áratug), aðgengileg á vefsetri Endurskoðunarréttarins: [https://www.eca.europa.eu/Lists/ECADocuments/SR18\\_24/SR\\_CCS\\_EN.pdf](https://www.eca.europa.eu/Lists/ECADocuments/SR18_24/SR_CCS_EN.pdf)

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stj. tíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

- 7) Meirihluti stuðningsins frá nýsköpunarsjóðnum ætti að vera háður þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem staðfest hefur verið að komist hafi verið hjá. Verulega ófullnægjandi frammistaða, að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda sem áætlað er að komast hjá, ætti því að leiða til skerðingar á stuðningi ásamt endurheimt fjárhæðar í samræmi við það. Kerfi til skerðingar og endurheimtar ætti þó að vera nógu sveigjanlegt til að taka tillit til nýsköpunareiginleika verkefna sem njóta stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum.
- 8) Veita ætti styrki úr nýsköpunarsjóðnum eftir valferli á samkeppnisgrundvelli með auglýsingum eftir tillögum. Í því skyni að draga úr stjórnsýsluálagi á talsmenn verkefna ætti að koma á málsmeðferð á tveimur stigum við umsókn sem samanstendur af yfirlýsingu um áhuga og fullgerðri umsókn.
- 9) Meta ætti verkefni, sem sótt er um stuðning fyrir frá nýsköpunarsjóðnum, á grundvelli eigindlegra og meginlegra viðmiðana. Samsetning slíkra viðmiðana ætti að tryggja að mat á verkefni sé heildstætt með tilliti til tæknilegra og viðskiptalegra möguleika þess. Til að tryggja að val á verkefnum sé sanngjarnt og byggist á verðleika ætti að velja þau á grundvelli sömu valviðmiðana en meta þau og forgangsraða fyrst með hliðsjón af öðrum verkefnum í sama geira og síðan með hliðsjón af verkefnum þvert á geira.
- 10) Ef áætlanagerð, viðskiptalíkan og fjárhagsskipan verkefna og rekstrarform þeirra að lögum virðast ekki nógu langt á veg komin, einkum í ljósi hugsanlegs skorts á stuðningi hlutaðeigandi aðildarríkja eða á nauðsynlegum landsleyfum, ætti ekki að velja þau til að fá stuðning frá nýsköpunarsjóðnum. Slík verkefni geta hins vegar lofað góðu. Þess vegna ætti að mæla fyrir um möguleikann á því að veita slíkum verkefnum þróunaraðstoð. Þróunaraðstoð til verkefnis ætti einkum að gagnast minni háttar verkefnum og verkefnum í aðildarríkjum, þar sem tekjur eru lágar, til að hjálpa við að ná landfræðilega jafnri dreifingu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum.
- 11) Mikilvægt er að ná landfræðilega jafnri dreifingu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum. Til að koma í veg fyrir þær aðstæður að sum aðildarríki fái ekki nægan stuðning ætti að mæla fyrir um þann möguleika að fastsetja viðbótarvalviðmiðanir sem miða að því að ná landfræðilega jafnri dreifingu í næstu eða síðari auglýsingum eftir tillögum.
- 12) Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að nýsköpunarsjóðnum verði komið til framkvæmda. Framkvæmdastjórninni ætti þó að vera gert kleift að fela framkvæmdaraðilum eitthvað af framkvæmdaraðgerðunum, s.s. skipulagningu auglýsingar eftir tillögum, forval á verkefnum eða stjórnun samninga um styrki.
- 13) Tekjum nýsköpunarsjóðsins, þ.m.t. tekjur vegna losunarheimilda sem er komið í verð á sameiginlega uppboðsvettvanginum í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2012 <sup>(5)</sup>, ætti að vera stjórnað í samræmi við markmið tilskipunar 2003/87/EB. Framkvæmdastjórnin ætti því sjálf að sinna þessu verkefni og gera ætti henni kleift að fela Fjárfestingarbanka Evrópu þetta verkefni.
- 14) Framkvæmdastjórnin ætti að beita mismunandi reglum með hliðsjón af aðferðinni við að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda. Þegar nýsköpunarsjóðnum er komið til framkvæmda með beinni stjórnun ættu ákvæði þessarar reglugerðar að vera í fullu samræmi við ákvæði fjárhagsreglugerðarinnar.
- 15) Aðildarríkin ættu að gegna mikilvægu hlutverki við að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda. Einkum ætti framkvæmdastjórnin að hafa samráð við aðildarríkin um helstu ákvarðanir um framkvæmd sem og um þróun nýsköpunarsjóðsins.
- 16) Koma ætti nýsköpunarsjóðnum í framkvæmd í samræmi við meginreglur um trausta fjármálastjórnun eins og mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni.
- 17) Mæla ætti fyrir um skýrt fyrirkomulag við skýrslugjöf, ábyrgð og fjármálastjórn til að tryggja að framkvæmdastjórninni berist fullgerðar og tímanlegar upplýsingar um framvindu verkefna sem fá stuðning frá nýsköpunarsjóðnum, að aðilarnir sem stjórna nýsköpunarsjóðnum fylgi meginreglum um trausta fjármálastjórnun og að aðildarríkin séu upplýst tímanlega um að nýsköpunarsjóðnum sé komið til framkvæmda.

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. KAFLI*

**Almenn ákvæði**

*1. gr.*

**Efni**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur sem bæta við tilskipun 2003/87/EB að því er varðar:

- a) rekstrarmarkmið nýsköpunarsjóðsins sem komið var á fót með 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,
- b) form stuðnings sem er veittur frá nýsköpunarsjóðnum,
- c) málsmeðferð við umsókn um stuðning frá nýsköpunarsjóðnum,
- d) málsmeðferð og viðmiðanir fyrir val á verkefni sem getur fengið stuðning frá nýsköpunarsjóðnum,
- e) greiðslu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum,
- f) stjórnun nýsköpunarsjóðsins,
- g) skýrslugjöf, vöktun, úttekt, eftirlit og kynningu að því er varðar starfsemi nýsköpunarsjóðsins.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „lok fjármögnunar“: sá tímapunktur í þróunarferli verkefnisins þegar allir samningar um verkefni og fjármögnun þess hafa verið undirritaðir og öll tilskilin skilyrði í þeim hafa verið uppfyllt,
- 2) „upphaf starfrækslu“: sá tímapunktur í þróunarferli verkefnisins þegar allir þættir og kerfi sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu verkefnisins hafa verið prófuð og starfsemi, sem leiðir til þess að komist er hjá losun gróðurhúsalofttegunda á árangursríkan hátt, hefur hafist,
- 3) „minni háttar verkefni“: verkefni þar sem heildarfjárfestingarútgjöld eru ekki yfir 7 500 000 evrum.

*3. gr.*

**Rekstrarmarkmið**

Rekstrarmarkmið nýsköpunarsjóðsins skulu vera eftirfarandi:

- a) að styðja verkefni þar sem sýnt er fram á mjög nýstárlega tækni, ferli eða vörur, sem eru nægilega langt á veg komin og hafa umtalsverða möguleika til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,
- b) að bjóða fjárstuðning sem er sniðinn að þörfum markaðarins og áhættulýsingu aðstoðarhæfra verkefna og laða jafnframt að frekari tekjum frá opinberum aðilum eða einkaaðilum,
- c) að tryggja að tekjum nýsköpunarsjóðsins sé stjórnað í samræmi við markmið tilskipunar 2003/87/EB.

*4. gr.*

**Form stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum**

Stuðningur frá nýsköpunarsjóðnum til verkefnis getur verið í eftirfarandi formi:

- a) styrkir,
- b) framlög til blendingsstarfsemi samkvæmt stuðningsfjármögnunarleið Sambandsins,
- c) ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum tilskipunar 2003/87/EB, fjármögnun í einhverju því formi sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) 2018/1046 (fjárhagsreglugerðin), einkum verðlaun og innkaup.

*II. KAFLI***Sértæk ákvæði sem eiga við um styrki***5. gr.***Viðkomandi kostnaður**

1. Að því er varðar fjórða málslið þriðju undirgreinar 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB skal viðkomandi kostnaður vera sá viðbótarkostnaður sem fellur á talsmann verkefnis vegna umsóknar um nýsköpunartækni sem tengist skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda eða að komist sé hjá henni. Viðkomandi kostnaður skal reiknaður út sem mismunurinn á milli besta mats á heildarfjárfestingarútgjöldum, hreins núvirðis rekstrarkostnaðar og ávinnings sem hlýst á tíu ára tímabili eftir að starfræksla verkefnis hefst, samanborið við niðurstöður sömu útreikninga fyrir hefðbundna framleiðslu með sömu getu með tilliti til árangursríkrar framleiðslu á viðkomandi lokaafurð.

Ef hefðbundin framleiðsla, sem um getur í fyrstu undirgrein, er ekki til skal viðkomandi kostnaður vera besta mat á heildarfjárfestingarútgjöldum og hreinu núvirði rekstrarkostnaðar og ávinnings sem hlýst á tíu ára tímabili eftir að starfræksla verkefnisins hefst.

2. Viðkomandi kostnaður við minni háttar verkefni skal vera heildarkostnaður fjárfestingarútgjalda fyrir þetta verkefni.

*6. gr.***Greiðsla styrkja**

1. Stuðningur frá nýsköpunarsjóðnum, í formi styrks, skal greiddur þegar fyrirframákveðnum áföngum er náð.
2. Að því er varðar öll verkefni skulu áfangarnir, sem um getur í 1. mgr., byggjast á þróunarferli verkefnisins og skulu a.m.k. vera eftirfarandi:
  - a) lok fjármögnunar,
  - b) upphaf starfrækslu.
3. Heimilt er að ákvarða sértæka viðbótaráfangi í samningsskjölunum að teknu tilliti til tækninnar sem er notuð og sértækra aðstæðna í geiranum eða geirunum þar sem hún er notuð.
4. Allt að 40% af heildarfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum, þ.m.t. þróunaraðstoð til verkefnis, til tiltekins verkefnis skulu greidd við lok fjármögnunar eða þegar tilteknum áfanga er náð fyrir lok fjármögnunar ef slíkur áfangi hefur verið ákvarðaður í samræmi við 3. mgr.
5. Að því marki sem heildarfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum til tiltekins verkefnis hefur ekki verið greidd skv. 4. mgr. skal sú fjárhæð greidd eftir lok fjármögnunar. Heimilt er að greiða hana að hluta til áður en starfræksla hefst og með árlegum afborgunum eftir að starfræksla hefst.
6. Að því er varðar 4. og 5. mgr. þessarar greinar skal heildarfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum til tiltekins verkefnis innihalda þá stuðningsfjárhæð frá nýsköpunarsjóðnum sem er veitt til viðkomandi verkefnis í formi þróunaraðstoðar til verkefnis í samræmi við 13. gr.

*7. gr.***Almennar reglur um endurheimt**

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd fjárhagslegra hagsmuna nýsköpunarsjóðsins við framkvæmd starfsemi sem fjármögnuð er samkvæmt þessari reglugerð með því að beita forvarnaráðstöfunum gegn svikum, spillingu og öllu öðru ólöglegu athæfi, með því að beita skilvirkri eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið greiddar með óréttmætum hætti og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.
2. Endurheimtum skal komið í framkvæmd í samræmi við fjárhagsreglugerðina.
3. Ástæður fyrir endurheimt sem og endurheimtarferlið skulu tilgreind nánar í samningsskjölunum.

## 8. gr.

**Sérreglur um endurheimt**

1. Fjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum, sem er greidd í samræmi við 5. mgr. 6. gr. eftir lok fjármögnunar, skal háð þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem staðfest hefur verið að komist hafi verið hjá á grundvelli ársskýrslna sem talsmaður verkefnis leggur fram fyrir tímabil sem er á bilinu þrjú til 10 ár eftir að starfræksla hefst. Í endanlegri ársskýrslu, sem talsmaður verkefnisins leggur fram, skal koma fram heildarmagn þeirrar losunar gróðurhúsalofttegunda sem komist var hjá á öllu skýrslutímabilinu.
2. Ef heildarmagn losunar gróðurhúsalofttegunda, sem komist var hjá á öllu skýrslutímabilinu, er minna en 75% af heildarmagni losunar gróðurhúsalofttegunda sem áætlað var að komast hjá skal fjárhæðin, sem er greidd eða sem á að greiða talsmanni verkefnisins í samræmi við 5. mgr. 6. gr., endurheimt hlutfallslega eða skert til samræmis.
3. Ef starfræksla verkefnis hefst ekki á fyrirframákveðnum tíma eða ef talsmanni verkefnis tekst ekki að sýna fram á að komist hafi verið í raun hjá losun gróðurhúsalofttegunda skal endurheimta fjárhæðina, sem var greidd eftir lok fjármögnunar í samræmi við 5. mgr. 6. gr., að fullu.
4. Ef aðstæðurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., koma upp vegna óvenjulegrar stöðu sem talsmaður verkefnisins fær ekki ráðið við og talsmaður verkefnisins sýnir fram á möguleika verkefnisins til að ná því að komast hjá losun gróðurhúsalofttegunda umfram tilkynnt magn eða ef talsmaður verkefnisins sýnir fram á að verkefnið geti leitt til verulegs ávinnings í tengslum við nýsköpun sem byggir á lítilli koltvísýringslosun er framkvæmdastjórninni heimilt að ákveða að nota ekki endurheimtarkerfin skv. 2. og 3. mgr.
5. Ástæðan fyrir endurheimt og endurheimtarferli skal tilgreind nánar í samningsskjölunum.
6. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, skulu ekki hafa ekki áhrif á almennu reglurnar um endurheimt skv. 7. gr.

## 9. gr.

**Auglýsingar eftir tillögum**

1. Talsmönnum verkefna skal boðið að sækja um stuðning frá nýsköpunarsjóðnum gegnum opnar auglýsingar eftir tillögum sem framkvæmdastjórnin stendur fyrir.

Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum skal hún hafa samráð við aðildarríkin um drög að ákvörðun.

2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að standa fyrir auglýsingu eftir tillögum skal innihalda a.m.k. eftirfarandi:
  - a) heildarfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltæk fyrir auglýsingu eftir tillögum,
  - b) hámarksfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltæk fyrir þróunaraðstoð til verkefnis,
  - c) tegundir verkefna sem sóst er eftir eða gearar,
  - d) lýsingu á málsmæðferð við umsókn og ítarlega skrá yfir upplýsingar og skjöl sem skal leggja fram á hverju stigi málsmæðferðarinnar við umsókn,
  - e) ítarlegar upplýsingar um valferlið, þ.m.t. aðferðafræði við úttekt og forgangsöröðun,
  - f) ef sértækri málsmæðferð við umsókn og valferli er beitt í samræmi við 4. mgr. 10. gr. og 6. mgr. 12. gr. fyrir minni háttar verkefni: reglur um þessa sértæku málsmæðferð,
  - g) ef framkvæmdastjórnin hefur lagt til hliðar hluta af heildarfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltækur vegna auglýsingar eftir tillögum fyrir minni háttar verkefni: fjárhæð þess hluta,
  - h) ef viðbótarvalviðmiðunum, sem miða að því að ná landfræðilega jafnri dreifingu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum, er beitt í samræmi við 2. mgr. 11. gr.: þessar viðmiðanir.

*10. gr.***Málsmeðferð við umsókn**

1. Framkvæmdaraðili skal safna saman umsóknunum og skipuleggja málsmeðferð við umsókn á eftirfarandi tveimur stigum:
  - a) yfirlýsing um áhuga,
  - b) fullgerð umsókn.
2. Á stigi yfirlýsingar um áhuga skal þess krafist að talsmaður verkefnisins leggi fram lýsingu á meginatriðum verkefnisins, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðkomandi auglýsingu eftir tillögum, þ.m.t. lýsing á árangri af verkefninu, nýsköpunarstig og hversu langt á veg það er komið eins og nánar er tilgreint er í a-, b- og c-lið 1. mgr. 11. gr.
3. Á stigi fullgerðrar umsóknar skal þess krafist að talsmaður verkefnisins leggi fram ítarlega lýsingu á verkefninu og öll fylgiskjöl, þ.m.t. áætlun um miðlun þekkingar.
4. Nota má einfaldaða málsmeðferð við umsókn vegna minni háttar verkefna.

*11. gr.***Valviðmiðanir**

1. Val á verkefnum vegna stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum skal byggjast á eftirfarandi viðmiðunum:
  - a) árangri með tilliti til getu til að komast hjá losun gróðurhúsalofttegunda, eftir atvikum, samanborið við viðmiðanirnar sem um getur í 2. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,
  - b) nýsköpunarstigi verkefnanna samanborið við nýjustu tækni,
  - c) hversu langt á veg verkefni er komið með tilliti til áætlanagerðar, viðskiptalíkans og fjárhagsskipanar verkefna og rekstrarforms þeirra að lögum sem og möguleikum á því að ná lokum fjármögnunar innan tilskilins tíma sem er ekki lengri en fjögur ár eftir ákvörðun um veitingu stuðnings,
  - d) tæknilegum og markaðslegum möguleikum til viðtækrar notkunar eða endurgerðar eða til kostnaðarlækkunar í framtíðinni,
  - e) hagkvæmni með tilliti til viðkomandi kostnaðar við verkefnið að frádregnu hvers konar framlagi til þessa kostnaðar frá talsmanni verkefnisins, deilt með því heildarmagni losunar gróðurhúsalofttegunda sem áætlað er að komast hjá eða orku sem á að framleiða eða geyma eða koltvísýrings sem á að geyma á fyrstu tíu árum starfrækslu.
2. Einnig má nota viðbótarviðmiðanir við val á verkefnum sem miða að því að ná landfræðilega jafnri dreifingu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum.

*12. gr.***Valferli**

1. Á grundvelli þeirra umsókna sem berast á stigi yfirlýsingar um áhuga skal framkvæmdaraðilinn meta, að því er varðar hvert verkefni, aðstoðarhæfið í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Framkvæmdaraðilinn skal síðan halda áfram við val á aðstoðarhæfum verkefnum skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar.
2. Á grundvelli þeirra umsókna sem berast á stigi yfirlýsingar um áhuga skal framkvæmdaraðilinn taka saman skrá yfir verkefni sem uppfylla valviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið 1. mgr. 11. gr. og skal bjóða talsmönnum þessara verkefna að leggja fram fullgerða umsókn.

Ef framkvæmdaraðilinn kemst að þeirri niðurstöðu að verkefni uppfylli valviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 11. gr. en uppfylli ekki viðmiðunina sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 11. gr. skal hann meta hvort verkefnið geti mögulega uppfyllt allar valviðmiðanirnar ef það er þróað enn frekar. Ef verkefnið hefur slíka möguleika er framkvæmdaraðilanum heimilt að veita viðkomandi verkefni þróunaraðstoð til verkefnis eða, ef framkvæmdastjórnin sinnir því verki, leggja til við framkvæmdastjórnina að verkefninu verði veitt þróunaraðstoð til verkefnis.

3. Á grundvelli fullgerðrar umsóknar, sem berst í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdaraðilinn halda áfram úttekt og forgangsörðun verkefnis á grundvelli allra valviðmiðana sem mælt er fyrir um í 11. gr. Að því er varðar fyrrnefnda úttekt skal framkvæmdaraðilinn bera verkefnið saman við verkefni innan sama geira sem og verkefni í öðrum geirum og skal taka saman skrá yfir fyrirframvalin verkefni.

4. Senda skal framkvæmdastjórninni skrá yfir fyrirframvalin verkefni, sem um getur í 3. mgr., og, eftir atvikum, tillöguna sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., og skal hún innihalda a.m.k. eftirfarandi:
  - a) staðfestingu á að farið sé að viðmiðunum um aðstoðarhæfi og valviðmiðunum,
  - b) upplýsingar um úttekt á verkefni og forgangsröðun,
  - c) heildarkostnað við verkefnið og viðkomandi kostnað, sem um getur í 5. gr., í evrum,
  - d) beiðni um stuðning samtals frá nýsköpunarsjóðnum, í evrum,
  - e) magn losunar gróðurhúsalofttegunda sem áætlað er að komast hjá,
  - f) magn orku sem áætlað er að framleiða eða geyma,
  - g) magn koltvísýrings sem áætlað er að geyma,
  - h) upplýsingar um rekstrarform að lögum, að því er varðar stuðning frá nýsköpunarsjóðnum sem talsmaður verkefnisins óskar eftir.
5. Á grundvelli þess sem var sent skv. 4. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við 2. mgr. 21. gr., samþykkja ákvörðun um veitingu stuðnings þar sem stuðningur til valinna verkefna er nánar tilgreindur og, eftir því sem við á, taka saman varaskrá.
6. Nota má sértækt valferli fyrir minni háttar verkefni.

13. gr.

#### **Þróunaraðstoð til verkefnis**

1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin í samræmi við c-lið 2. mgr. 21. gr., ákveða hámarksfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltæk fyrir þróunaraðstoð til verkefnis.
2. Framkvæmdastjórnin eða framkvæmdaraðilinn skal veita þróunaraðstoð til verkefnis, í samræmi við 2. mgr. 12. gr., í formi styrks.
3. Heimilt er að fjármagna eftirfarandi starfsemi með þróunaraðstoð til verkefnis:
  - a) úrbætur og þróun á skjalahaldi í tengslum við verkefnið eða á þáttum í skipulagi verkefnisins með það fyrir augum að tryggja að verkefnið sé nægilega langt á veg komið,
  - b) mat á hagkvæmni verkefnisins, þ.m.t. tæknilegar og efnahagslegar athuganir,
  - c) ráðgjöf um fjárhagsskipan verkefnisins og rekstrarform þess að lögum,
  - d) að byggja upp getu talsmanns verkefnisins.
4. Að því er varðar þróunaraðstoð til verkefnis skal viðkomandi kostnaður vera allur kostnaður sem tengist þróun verkefnis. Nýsköpunarsjóðnum er heimilt að fjármagna allt að 100% af viðkomandi kostnaði.

III. KAFLI

#### **Sértæk ákvæði sem gilda um önnur form stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum en styrki**

14. gr.

#### **Veiting stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum í formi framlaga til blendingsstarfsemi samkvæmt stuðningsfjármögnunarleið Sambandsins**

1. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að greiða stuðninginn frá nýsköpunarsjóðnum sem framlög til blendingsstarfsemi samkvæmt stuðningsfjármögnunarleið Sambandsins skal stuðningnum frá nýsköpunarsjóðnum komið til framkvæmda í samræmi við reglurnar sem gilda um stuðningsfjármögnunarleið Sambandsins. Þó skal meta aðstoðarhæfi verkefna í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.
2. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin, samþykkja ákvörðun þar sem tilgreint er nánar hvort framlag til blendingsstarfsemi sé í formi stuðnings sem ekki er greiddur til baka eða stuðnings sem er greiddur til baka eða hvort tveggja og tilgreind sú fjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltæk til greiðslu gegnum stuðningsfjármögnunarleið Sambandsins.

15. gr.

### **Stuðningur frá nýsköpunarsjóðnum í öðru formi sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni**

1. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að greiða stuðninginn frá nýsköpunarsjóðnum í einhverju af því formi sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni, þó ekki sem styrk, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við aðildarríkin, samþykkja ákvörðun þar sem tilgreind er fjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem er tiltæk til greiðslu í því formi sem og reglurnar sem gilda um umsókn um slíkan stuðning, val á verkefnum og greiðslu stuðningsins.
2. Verkefni sem fá stuðning frá nýsköpunarsjóðnum samkvæmt þessari grein skulu vera í samræmi við reglur Sambandsins um ríkisaðstoð.

IV. KAFLI

### **Stjórnun**

16. gr.

### **Nýsköpunarsjóðnum komið til framkvæmda**

1. Framkvæmdastjórnin skal koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda með beinni stjórnun, í samræmi við viðeigandi ákvæði 125. til 153. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, eða með óbeinni stjórnun gegnum aðila sem um getur í c-lið 1. mgr. 62. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.
2. Kostnaður sem stofnað er til í tengslum við aðgerðir til að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda, þ.m.t. stjórnunar- og rekstrarkostnaður, skal fjármagnaður af nýsköpunarsjóðnum.

17. gr.

### **Tilnefning framkvæmdaraðila**

1. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að fela framkvæmdaraðila tiltekin verkefni í tengslum við að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun um tilnefningu slíks framkvæmdaraðila.  
Framkvæmdastjórnin og tilnefndi framkvæmdaraðilinn skulu gera samning þar sem mælt er fyrir um sérstaka skilmála og skilyrði sem framkvæmdaraðilinn skal fylgja þegar hann innir verkefni sín af hendi.
2. Ef framkvæmdastjórnin kemur nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda með beinni stjórnun og ákveður að fela framkvæmdaraðila tiltekin verkefni er varða framkvæmd skal hún tilnefna framkvæmdaskrifstofu sem framkvæmdaraðila.
3. Ef framkvæmdastjórnin kemur nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda með óbeinni stjórnun skal hún tilnefna aðila, sem um getur í c-lið 1. mgr. 62. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, sem framkvæmdaraðila.
4. Að því marki sem verkefni sem varða það að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda eru ekki falin framkvæmdaraðila skal framkvæmdastjórnin inna þessi verkefni af hendi.

18. gr.

### **Verkefni framkvæmdaraðila**

Heimilt er að fela framkvæmdaraðilanum, sem er tilnefndur í samræmi við 1. mgr. 17. gr., heildarstjórnun vegna auglýsingar eftir tillögum, greiðslu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum og vöktunar á framkvæmd valinna verkefna. Í því skyni er heimilt að fela framkvæmdaraðilanum eftirfarandi verkefni:

- a) að skipuleggja auglýsingu eftir tillögum,
- b) að skipuleggja málsmeðferð við umsókn, þ.m.t. að safna saman umsóknunum og greina öll fylgiskjöl,
- c) að skipuleggja val á verkefni, þ.m.t. úttekt á verkefni eða áreiðanleikamat og forgangsröðun,
- d) að ráðleggja framkvæmdastjórninni um verkefni sem veita á stuðning frá nýsköpunarsjóðnum og um verkefni sem skal setja í varaskrána,
- e) að úthluta eða veita þróunaraðstoð til verkefnis,
- f) að undirrita samninga um styrki og aðra samninga, með hliðsjón af formi stuðningsins frá nýsköpunarsjóðnum,



- g) að undirbúa og halda utan um samningsskjöl er varða verkefni sem fá stuðning,
- h) að kanna hvort skilyrði fyrir fjármögnun séu uppfyllt og greiða tekjur nýsköpunarsjóðsins til talsmanna verkefna,
- i) að vakta framkvæmd verkefnis,
- j) að hafa samskipti við talsmenn verkefna,
- k) að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu, þ.m.t. um almenna stefnu fyrir frekari þróun nýsköpunarsjóðsins,
- l) reikningsskil,
- m) aðgerðir er varða upplýsingar, samskipti og kynningar, þ.m.t. framleiðsla á kynningarefni, og þróun kennimerkis fyrir nýsköpunarsjóðinn,
- n) stjórnun þekkingarmiðlunar,
- o) að styðja aðildarríkin í viðleitni þeirra til að kynna nýsköpunarsjóðinn og hafa samskipti við talsmenn verkefna,
- p) öll önnur verkefni sem varða að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda.

19. gr.

#### **Sértæk ákvæði sem gilda um að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda með beinni stjórnun**

1. Ef framkvæmdastjórnin tilnefnir framkvæmdaskrifstofu sem framkvæmdaraðila skv. 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar skal slík ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar vera með fyrirvara um niðurstöður úr kostnaðar- og ábatagreiningunni, sem um getur í 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 58/2003 <sup>(6)</sup>, og samningurinn, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar, skal vera í formi gernings um úthlutun verkefna í samræmi við reglugerð (EB) nr. 58/2003.
2. Ef fjárhæðir sem eru greiddar með beinni stjórnun eru endurheimtar skv. 7. og 8. gr. þessarar reglugerðar skulu endurheimtu fjárhæðirnar mynda markaðar tekjur í samræmi við 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og skulu notaðar til að fjármagna starfsemi nýsköpunarsjóðsins.
3. Að því er varðar öll framkvæmdarverkefni sem framkvæmdastjórnin innir af hendi, þ.m.t. gegnum framkvæmdaskrifstofu, skulu tekjur nýsköpunarsjóðsins mynda markaðar ytri tekjur í skilningi 1. og 5. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar. Þessar mörkuðu tekjur skulu einnig taka til alls stjórnsýslukostnaðar sem tengist því að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda. Framkvæmdastjórninni er heimilt að nota að hámarki 5% af fjárhagsramma nýsköpunarsjóðsins til að mæta stjórnunarkostnaði sínum.
4. Verkefni sem hefur fengið stuðning frá nýsköpunarsjóðnum má einnig fá framlag frá öðrum áætlunum Sambandsins, þ.m.t. úr sjóðum undir sameiginlegri stjórnun, að því tilskildu að framlögin taki ekki til sama kostnaðar. Uppsöfnuð fjármögnun skal ekki fara yfir heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við verkefnið og reikna má stuðninginn frá mismunandi áætlunum Sambandsins út hlutfallslega.

20. gr.

#### **Stjórnun tekna nýsköpunarsjóðsins**

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að losunarheimildir, sem eru ætlaðar nýsköpunarsjóðnum, séu boðnar upp í samræmi við meginreglur og fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 4 mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB og skal stjórna tekjum nýsköpunarsjóðsins í samræmi við markmið tilskipunar 2003/87/EB.
2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að tekjurnar, sem um getur í 1. mgr., skili sér tímanlega til framkvæmdaraðilans til að fjármagna kostnað sem tengist framkvæmdaraðgerðum og til að greiða stuðning til verkefna sem hlotið hafa stuðning.

<sup>(6)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 58/2003 frá 19. desember 2002 um stofnsamþykkt framkvæmdaskrifstofa sem verða falin tiltekin verkefni í tengslum við stjórnun áætlana Bandalagsins (Stjtíð. EB L 11, 16.1.2003, bls. 1).

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fela Fjárfestingarbanka Evrópu að koma losunarheimildum í verð og að stjórna tekjum nýsköpunarsjóðsins. Ef um er að ræða slíkt framsal skulu framkvæmdastjórnin og Fjárfestingarbanki Evrópu gera samning þar sem mælt er fyrir um sérstaka skilmála og skilyrði sem Fjárfestingarbanki Evrópu skal fylgja þegar hann innir verkefni sín af hendi í tengslum við stjórnun tekna nýsköpunarsjóðsins.

4. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 2003/87/EB skal nota tekjur nýsköpunarsjóðsins, sem eru eftirstandandi eftir að aðstoðarhæfistímabili studdra verkefna er lokið, til að styðja ný verkefni sem uppfylla viðmiðanir um aðstoðarhæfi sem mælt er fyrir um í 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB þar til allar tekjurnar hafa verið notaðar vegna markmiða nýsköpunarsjóðsins. Þess háttar ný verkefni skulu valin með nýjum auglýsingum eftir tillögum í samræmi við 9. gr. eða studd í samræmi við 14. eða 15. gr.

21. gr.

#### **Hlutverk aðildarríkjanna**

1. Þegar nýsköpunarsjóðnum er komið í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðildarríkin og njóta aðstoðar þeirra.

2. Hafa skal samráð við aðildarríkin um:

- a) skrána yfir fyrirframvalin verkefni, þ.m.t. varaskráin, og skrána yfir verkefni sem lögð eru til vegna þróunaraðstoðar til verkefnis, í samræmi við 2. mgr. 12. gr., áður en stuðningur er veittur,
- b) drög að ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 9. gr. (1. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (1. mgr.),
- c) hámarksfjárhæð stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem skal gerð tiltæk fyrir þróunaraðstoð til verkefnis.

3. Aðildarríkin skulu, ef framkvæmdastjórnin óskar eftir því, veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf og aðstoð að því er varðar:

- a) að fastsetja almenna stefnu fyrir nýsköpunarsjóðinn,
- b) að bregðast við fyrirliggjandi eða nýjum vandamálum í tengslum við framkvæmd verkefnis,
- c) að bregðast við öllum öðrum viðfangsefnum í tengslum við framkvæmd verkefnis.

4. Framkvæmdastjórnin skal gefa aðildarríkjunum skýrslu um framvindu við að koma þessari reglugerð til framkvæmda, einkum að því er varðar framkvæmd ákvarðana um veitingu stuðnings sem um getur í 5. mgr. 12. gr.

22. gr.

#### **Hlutverk hagsmunaaðila**

Framkvæmdastjórninni er heimilt að bjóða hagsmunaaðilum að taka þátt í umræðum er varða að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda, þ.m.t. um viðfangsefni sem eru tilgreind í 3. mgr. 21. gr.

V. KAFLI

#### **Vöktun, skýrslugjöf og úttekt**

23. gr.

#### **Vöktun og skýrslugjöf**

1. Framkvæmdaraðilinn skal vakta starfsemi nýsköpunarsjóðsins, þ.m.t. fjárhæðir stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum sem eru greiddar.

2. Með það í huga að tryggja að gögnum vegna vöktunar, sem um getur í 1. mgr., og niðurstöðum sé safnað á skilvirkan og árangursríkan hátt og tímanlega er heimilt að gera kröfur til talsmanna verkefna um hlutfallslega skýrslugjöf. Skýrslur talsmanna verkefna skulu innihalda upplýsingar um aðgerðir til miðlunar þekkingar sem ráðist er í skv. 27. gr.

3. Framkvæmdaraðilinn skal senda framkvæmdastjórninni skýrslu reglulega um framkvæmd verkefna sinna.

4. Framkvæmdaraðilinn skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um allt ferlið við greiðslu stuðnings og einkum um skipulagningu auglýsinga eftir tillögum og um undirritun samninga við talsmenn verkefna.

5. Eftir að hverri auglýsingu eftir tillögum er lokið skal framkvæmdastjórnin gefa aðildarríkjunum skýrslu um framkvæmd viðkomandi auglýsingar eftir tillögum.
6. Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu og Evrópuþinginu árlega skýrslu um framvinduna við að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda.
7. Framkvæmdaraðilar, aðrir en framkvæmdarskrifstofur, og einingar sem hefur verið falið að stjórna tekjum nýsköpunarsjóðsins skv. 3. mgr. 20. gr. skulu láta framkvæmdastjórninni eftirfarandi í té:
  - a) eigi síðar en 15. febrúar: óendurskoðuð reikningsskil sem taka til næstliðins fjárhagsárs, sem hefst 1. janúar og lýkur 31. desember, að því er varðar þá starfsemi sem þessum framkvæmdaraðilum og einingum hefur verið falin,
  - b) eigi síðar en 15. mars á því ári sem óendurskoðuð reikningsskil eru lögð fram: endurskoðuð reikningsskil sem taka til næstliðins fjárhagsárs, sem hefst 1. janúar og lýkur 31. desember, að því er varðar þá starfsemi sem þessum framkvæmdaraðilum og einingum hefur verið falin.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman ársreikninga nýsköpunarsjóðsins fyrir hvert fjárhagsár, sem skal hefjast 1. janúar og ljúka 31. desember, á grundvelli reikningsskila sem lögð eru fram samkvæmt fyrstu undirgrein. Þessir reikningar skulu falla undir óháða, utanaðkomandi endurskoðun.

Öll reikningsskil og reikningar, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skulu tekin saman í samræmi við reikningsskilareglurnar sem um getur í 80. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

24. gr.

### Úttekt

1. Á árinu 2025 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin inna af hendi úttekt á starfsemi nýsköpunarsjóðsins. Í úttektinni skal áherslan lögð á, en ekki takmarkast við, mat á samlegðaráhrifum milli nýsköpunarsjóðsins og annarra viðkomandi áætlana Sambandsins sem og ferlinu við greiðslu stuðnings frá nýsköpunarsjóðnum.
2. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, á grundvelli niðurstaðna úr úttektinni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, gera tillögur til að tryggja að nýsköpunarsjóðurinn þróist áfram í áttina að því að ná markmiðunum með honum sem kveðið er á um í tilskipun 2003/87/EB og í 3. gr. þessarar reglugerðar.
3. Þegar lokið hefur verið við að koma nýsköpunarsjóðnum til framkvæmda, en eigi síðar en 2035, skal framkvæmdastjórnin gera lokaúttekt á starfsemi nýsköpunarsjóðsins.
4. Framkvæmdastjórnin skal gera niðurstöður úttekta, sem ráðist er í skv. 1., 2. og 3. mgr., öllum aðgengilegar.

### VI. KAFLI

#### *Endurskoðanir, kynning og miðlun þekkingar*

25. gr.

#### **Endurskoðanir**

1. Endurskoðanir er varða notkun á stuðningi frá nýsköpunarsjóðnum sem óháðir, utanaðkomandi endurskoðendur annast, þ.m.t. aðrir en þeir sem eru með umboð frá stofnunum eða aðilum Sambandsins, skulu lagðar til grundvallar allsherjarstaðfestingu (e. *overall assurance*) skv. 26. gr.
2. Sérhver einstaklingur eða eining sem hlýtur stuðning frá nýsköpunarsjóðnum skal samþykka skriflega að veita nauðsynleg réttindi og aðgang eins og kveðið er á um í 129. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

26. gr.

#### **Þverlægt traust á endurskoðunum**

Með fyrirvara um fyrirliggjandi möguleika á að inna af hendi frekari endurskoðanir, ef óháður endurskoðandi hefur gert endurskoðun, sem byggist á alþjóðlega viðurkenndum endurskoðunarstöðlum sem veita fullnægjandi tryggingu, á reikningsskilum og skýrslum þar sem notkun á framlagi Sambandsins kemur fram skal endurskoðunin lögð til grundvallar allsherjarstaðfestingu, eins og nánar er tilgreint, eftir því sem við á, í geirabundnum reglum, að því tilskildu að nægar sannanir séu fyrir óhæði og hæfi endurskoðandans. Skýrsla óháða endurskoðandans og tengd endurskoðunarskjöl skulu gerð aðgengileg að beiðni Evrópuþingsins, framkvæmdastjórnarinnar, Endurskoðunarrettarins og endurskoðunaryfirvalda aðildarríkjanna.

27. gr.

#### **Samskipti, miðlun þekkingar og kynning**

1. Talsmenn verkefna skulu, með virkum og kerfisbundnum hætti, gera upplýsingar á vefsetrum sínum, sem varða verkefni sem fá stuðning samkvæmt þessari reglugerð, aðgengilegar öllum. Slíkar upplýsingar skulu innihalda skýra tilvísun í fenginn stuðning frá nýsköpunarsjóðnum.
2. Talsmenn verkefna skulu tryggja samfellda, skilvirka og markvissa veitingu upplýsinga til ýmissa hópa um þann stuðning sem veittur hefur verið frá nýsköpunarsjóðnum, þ.m.t. fjölmiðlar og almenningur.
3. Nota skal kennimerki nýsköpunarsjóðsins eða annað kynningarefni, sem krafist er í samningsgögnum, fyrir alla starfsemi er varðar samskipti og miðlun þekkingar og skal það vera sýnilegt á tilkynningatöflum á mikilvægum stöðum sem eru aðgengilegir almenningi.
4. Talsmenn verkefna skulu veita nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðar aðgerðir, í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar, í áætluninni um miðlun þekkingar sem er lögð fram í samræmi við 3. mgr. 10. gr.
5. Framkvæmdaraðilinn skal gera ráðstafanir til upplýsingar, samskipta og kynninga í tengslum við stuðning frá nýsköpunarsjóðnum og niðurstöður. Framkvæmdaraðilinn skal skipuleggja sérstakar málstofur, vinnufundi eða, eftir því sem við á, aðrar tegundir starfsemi til að auðvelda miðlun reynslu, þekkingar og bestu starfsvenja að því er varðar hönnun, undirbúning og framkvæmd verkefna sem og varðandi skilvirkni fjármögnunar sem er veitt með þróunaraðstoð vegna verkefna.

VII. KAFLI

#### **Lokaákvæði**

28. gr.

#### **Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2019.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*